

STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

Sérrit Samtaka iðnaðarins um efnahagsmál

2. tölublað 1. árg.

Desember 2010

Samtök iðnaðarins



Samtök iðnaðarins gefa í annað sinn út aukablaðið Starfsskiilyrði iðnaðarins. Í þessu tölublaði er annars vegar fjallað um vægi og stöðu iðnaðar í víðum skilningi og lagt mat á hvernig iðnaðurinn stendur í kjölfar efnahagsshrunsins. Hins vegar er reynt að leggja sérstakt mat á ástand og horfur í ein-

stökum greinum eða flokkum iðngreina eftir atvikum. Samantektin er unnin í samráði við fólkið í fyrirtækjunum. Þannig er reynt að tryggja að upplýsingarnar komi beint frá grasrót Samtakanna.

Framlag iðnaðarins

Verðmætasköpun

Með verðmætasköpun atvinnugreina er átt við hvað einstakar atvinnugreinar greiða fyrir framleiðsluþættina sem notaðir eru. Uppistaðan er laun en einnig teljast vextir og hagnaður til framleiðsluþátta. Verðmætasköpun atvinnugreina er mikilvægur mælikvarði á umfang og efnahagslegt mikilvægi einstakra greina. Í gegnum tíðina hefur vægi iðnaðarins í verðmætasköpun verið nokkuð stöðugt eða í kringum 25%.


Eftir að kreppan reið yfir hefur heildarvægi iðnaðar dregist saman úr um 25% í 20% árið 2009. Helsta skýringin er mikill samdráttur í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Birtingarmynd þessa samdráttar er mikil fækkun starfa og auknið atvinnuleysi.

Vægi annarra greina í atvinnulífinu hefur líka verið að breytast. Fyrstu tvö ár kreppunnar hefur opinberi geirinn lítið dregist saman á meðan einkageirinn hefur gengið í gegnum mikla aðlögun. Þannig hefur vægi hins opinbera vaxið nokkuð árin 2008 og 2009 sem hlutfall af heildinni. Líklegt er að á næstu tveimur árum muni þetta leiðrættast að nokkru leyti enda stendur verulegur samdráttur fyrir dyrum hjá hinu opinbera.

Til lengri tíma lítið má búast við því að iðnaðurinn nái sér á strik og að vægi hans nálgist aftur um fjórðung. Skýringin liggur helst í því að helstu vaxtartækifæri í atvinnulífinu felast í ýmsum greinum iðnaðarins þó svo að vissulega sé almenn óvissa um þróun efnahagslífsins á næstu misserum.

Gjaldeyrissköpun er lífæð efnahagslífsins


Lífæð efnahagslífsins er útflutningur. Með sölu á vöru og þjónustu til útlanda öflum við tekna til að standa straum af nauðsynlegum innflutningi og afgangur af viðskiptum við útlönd gerir okkur kleift að borga niður erlendar skuldir. Eftir að



gengi krónunnar féll árið 2008 jukust útflutningstekjur þjóðarinnar verulega án þess þó að útflutt magn væri að aukast að ráði. Fyrstu tíu mánuðina 2010 voru fluttar út vörur fyrir 462,7 milljarða króna en inn fyrir 364,2 milljarða króna. Afgangur var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 98,5 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau hagstæð um 74,0 milljarða á sama gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 24,5 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma árið áður. Fyrstu tíu mánuði ársins 2010 var verðmæti vöruútflutnings 57,2 milljörðum eða 14,1% meira á föstu gengi en á sama tíma árið áður. Sjávarafurðir voru 39,7% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 7,7% meira en á sama tíma árið áður. Útfluttar iðnaðarvörur voru 55,4% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 34,2% meira en á sama tíma árið áður. Mest aukning varð í verðmæti útflutnings iðnaðarvara, aðallega áls sem skýrist einkum af

hækkandi heimsmarkaðsverði. Mikill afgangur hefur einnig verið af þjónustuviðskiptum við útlönd. Fyrstu þrjá ársfjórðunga þessa árs er afgangurinn 49,3 milljarðar.

Staða útflutningsgreina á Íslandi markast verulega af efnahagslegum aðstæðum í viðskiptalöndum okkar. Á fyrri hluta þessa árs tók alþjóðlegur hagvöxtur að aukast verulega, hrávöruverð hækkaði og gengi hlutabréfa þokaðist upp á við. Í flestum löndum Evrópu var vöxturinn nokkru meiri en almennt hafði verið búist við en seinni hluti ársins hefur hins vegar einkennt af nokkurri óvissu, ekki síst vegna óstöðugleika á Írlandi og í nokkrum löndum Suður Evrópu. Almennt er búist við hóflegum vexti í Evrópu þó svo að einstaka lönd hafi þegar tekið kröftuglega við sér, t.d. Svíþjóð. Þetta veldur því að ytri skilyrði fyrir útflutningsafurðir okkar eru þokkalega góðar.



Matvælaíðnaður




Matvælaframleiðsla er afar umfangsmikil í efnahagslífinu. Árið 2009 var velta í greininni 117,5 milljarðar án vinnslu sjávarafurða. Fyrstu sex mánuði þessa árs nemur veltuaukningin 5,9% frá fyrra ári eða 1% að raungildi. Þrátt fyrir efnahagskreppuna og verulega verðbólgu hefur ekki orðið samdráttur í matvælaíðnaði að raungildi undanfarin ár. Hins vegar eru starfsskilyrði í greininni um margt erfið eins og annarsstaðar í atvinnulífinu. Hækkanir á hráefnum og launakostnaði sl. tvö ár hafa vegið þungt auk þess sem allur fjármagnskostnaður er hár. Sum fyrirtæki í greininni standa einnig frammi fyrir háum flutningskostnaði enda mörg hver á landsbyggðinni fjarri stærstu mörkuðum.

Staða á vinnumarkaði er hins vegar sérstök því þótt atvinnuleysi sé hátt hefur fyrirtækjum í greininni reynst erfitt að ráða til sín fólk. Fyrir dyrum standa breytingar vegna afnáms forverðmerkinga af kjötvörum og ostum fyrir verslanir vegna banns frá samkeppnisyfirlöndum. Framleiðendur óttast bæði verðhækkanir vegna aukins kostnaðar sem þetta hefur í för með sér og að lélegri þjónusta við neytendur muni leiða til minni sölu á þessum vörum. Tæknilegar lausnir eru ófundnar enn sem komið er.

Hagræðing og stöðug nýsköpun og vöruþróun eru helstu ástæður þess að greinin hefur almennt farið þokkalega út úr efnahagsþrengingum undanfarinna missera. Fyrirtækin hafa þurft að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum.

Neyslumynstur landsmanna breyttist við tekjufallið og því hafa framleiðendur þurft að bregðast við. Ekki má heldur gleyma að samkeppnisstaða innlendra framleiðenda hefur batnað mikið við fall krónunnar. Ennfremur telja margir framleiðendur að viss vitundarvakning hafi átt sér stað meðal neytenda um mikilvægi þess að velja íslenska framleiðslu burtséð frá því hvert verð vörunnar sé. Þessi viðhorfsbreyting er mikilvægur þáttur í endurreisn efnahagslífsins.






Málmiðnaður og stóriðja



Málmiðnaður og stóriðja almennt hefur staðið kreppuna nokkuð vel af sér. Í fyrra dróst framleiðsla á áli nokkuð saman víða í heiminum en hvergi var slegið slöku við hérlendis enda afar hagkvæm og umhverfisvæn framleiðsla. Eftir því sem hagkerfi heimsins hafa tekið við sér hefur verið á áli hækkað og afkoma fyrirtækjanna á Íslandi batnað. Gjaldeyrissköpun greinarinnar hefur aukist að sama skapi en fyrstu tíu mánuði þessa ár nemur heildarverðmæti útflutts áls 186 milljörðum króna. Á sama tíma í fyrra var verðmætið 137 milljarðar en magnbreyting er óveruleg. Á tímabilinu skilaði ál tæpum 40% af vöruútflutningstekjum og tæpum 27% af heildarútflutningstekjum. Aukningin 2010 er einkum vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs á áli en þess ber þó að geta að álverð 2009 var óvenju lágt vegna kreppunnar. Eftirtektarvert er að útflutningur á álvírum hefur aukist verulega og er það tilraun til aukinnar fullvinnslu álveranna. Einnig hefur útflutningur Becromal verið að aukast verulega og fer líklega yfir 5 milljarða á þessu ári.

Málm- og véltækniðnaðurinn hefur einnig staðið nokkuð vel undanfarið hvað varðar verkefnastöðu. Þó eru blikur á lofti í skipaiðnaði vegna þess að útgerðir hafa haldið að sér höndum undanfarið um meiriháttar viðgerðar- og viðhaldsverkefni og borið við óljósri framtíð í fiskveiðistjórnun og ööryggi sem af því leiðir. Hins vegar hafa önnur verið á bærillegu róli enda eru viðskiptavinir greinarinnar öll stærri iðjuver hér á landi, virkjanir og önnur atvinnutæki sem krefjast viðhalds. Ýmsar fínna smíðagreinar innan þessa geira hafa flest haft næg verk-

Vísitala framleiðsluverðs 2006-2010



efni enda að stórum hluta ætluð til útflutnings.

Hafin er vinna við stækkun álversins í Straumsvík en að öðru leyti er veruleg óvissa framundan um frekari uppbyggingu í stóriðju. Verði af frekari uppbyggingu stóriðju og tilsvarende orkuframkvæmdum mun það aftur hafa mikil og jákvæð áhrif á málm- og véltækni. Þannig má segja að gjaldeyrishöft og skortur á erlendu lánsfé hafi mikil áhrif á framvindu mála á næstu misserum.

Eitt stærsta verkefnið í báðum þessum greinum er að fjölga því fólki sem menntar sig á sviði málm- og véltækni því verulegur skortur er á starfsfólki með slíka menntun.




Byggingariðnaður - mannvirkjagerð

Íbúðabyggingar og starfsemi í almennri byggingavinnu hafa verið að dragast hratt saman frá árslokum 2007 þegar íbúðamarkaðurinn fraus. Framan af árinu 2008 var þokkalegur gangur í verktakageiranum en þá var ýmsum stórverkefnum að ljúka. Árið 2009 var hins vegar það versta sem geirinn hefur farið í gegnum og fækkun starfa og samdráttur í veltu án nokkurra fordæma. Það sem af er árinu 2010 er enn verra ef horft er til veltu og fjölda starfa. Umsvif í greininni hafa dregist saman um meira en helming. Fyrirtækjum hefur fækkað og þau minnkað auk þess sem mikið af tækjum og tólum hefur verið selt úr landi. Þegar mest var voru tæplega 18 þúsund manns starfandi í greininni en eru nú líklega um 7-8 þúsund auk þess sem vinnutími á mann hefur dregist verulega saman.

Ekki þarf miklar fjárfestingar eða aukningu í umsvifum til að breyta mannvirkjagerð aftur í lífvænlega atvinnugrein. Sem betur fer eru nokkur stór verkefni í augnsýn og nokkrar líkur til að umsvif á nýbyggingum geti aukist á nýju ári. Að mati SI er

Velta í byggingariðnaði og mannvirkjagerð 2004-2010





nokkur undirliggjandi þörf fyrir vissar tegundir af húsnæði. Verulegur skortur er á litlum og ódýrum íbúðum sem þjóna þörfum ungs fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð og jafnvel eldra fólks sem þarf að minnka við sig.

Engin ástæða er til að óttast að aukin fjárfesting í íbúðum, atvinnulífínu eða vegagerð orsaki ofpenslu enda hefur landslagið breyst mikið. Lánsfé liggur ekki á lausu og fyrirtæki í uppbyggingu og vexti þurfa í auknu mæli að reiða sig á eigin fjármögnun sem aftur leiðir til heilbrigðari og traustari vaxtar.

Enginn hagvöxtur mun verða í landinu án þess að fjárfesting taki við sér en hún er nú í sögulegu lágmarki. Órofa tengsl eru hins vegar á milli fjárfestinga og aukinna umsvifa á mannvirkjamarkaði og því ljóst að endurreisn efnahagslífsins mun að nokkru haldast í hendur við bættar aðstæður á mannvirkjamarkaði. Líklegt er að botninum í greininni hafi verið náð en óljóst er með hvaða hætti viðsnúningur hefst. Fyrirtæki í greininni standa frammi fyrir mikilli óvissu.



Hugverkaiðnaður

Hugverkaiðnaður spannar vítt svið tækni- og hugverkagreina m.a. á sviði upplýsingatækni, líftækni, orku- og umhverfis-tækni, heilbrigðiþjónustu, framleiðslu og menntunar.

Efnahagskreppur hafa alltaf verið mikilvæg uppspretta nýrra hugmynda, vegna þess að breyttar aðstæður kalla á nýja hugsun og skýrari forgangsröðun. Leiðin út úr kreppunni helst í hendur við uppbyggingu iðnaðar og skiptir framlag tæknigeirans þar miklu. Áður en kreppan skall á herjuðu margvísleg vandamál á fyrirtæki í þessum greinum. Gengi krónunnar var afar sterkt, aðgangur að fjármagni var takmarkaður og erfitt að fá hæft starfsfólk.

Með falli krónunnar batnaði samkeppnisstaðan að vissu marki, framboð af hæfu fólki jókst tímabundið og útflutningur eflidist. Aðgangur að fjármagni er þó enn verulegt vandamál, áhættufælni er mikil og hvatar til fjárfestingar takmarkaðir. Aftur er orðið erfitt fyrir fyrirtæki í tæknigeiranum að finna fólk með rétta menntun og reynslu, þrátt fyrir mikið atvinnuleysi. Mörg fyrirtæki hafa brugðið á það ráð að leita eftir fólki erlendis frá til að mæta þessari þörf, en veikt gengi krónunnar gjaldþyrshöft vinna á móti. Höftin hamlu einnig fjárfestingu og

markaðssókn erlendis.

Til framtíðar er því mikilvægt hagsmunamál að efla tækni- og iðnmenntun og afnema gjaldþyrshöftin sem allra fyrst. Eins er mikilvægt að bæta aðgengi að áhættufjármögnun til þróunar- og markaðsuppbyggingar. Í því sambandi vegur efling Tæknipróunarsjóðs þungt. Þá þarf að nýta sem best tækifæri til nýsköpunar á sviðum sem tengjast starfsemi hins opinbera á niðurskurðartímum í náinni samvinnu við einkageirann.

Í lok síðasta árs voru samþykkt lög um stuðning við nýsköpun í fyrirtækjum. Þau fela annars vegar í sér rétt til endurgreiðslu fyrirtækja vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar og hins vegar skattviðun til fjárfesta vegna kaupna á nýju hlutafé í nýsköpunarfyrirtækjum. Nú stendur til að breyta þessum lögum áður en þau koma til framkvæmda vegna athugasemda frá ESA. Mikilvægt er að ekki verði horfið frá þessum hugmyndum heldur umrædd lögjöf lagfærð til samræmis við reglur ESA.

Almennt má segja að þökkalega hafi gengið í tækni- og hugverkagreinum eftir að kreppan skall á þó starfsskilyrði séu um margt erfið.



Iðnaður á innlendum markaði

Veigamikill hluti iðnaðarins framleiðir margvíslegar vörur og þjónustu fyrir innanlandsmarkað. Í grófum dráttum má segja að samdráttur í þessum greinum sé í samræmi við almennan samdrátt í efnahagslífinu þótt vissulega séu frávik í báðar áttir. Árið 2009 var samdráttur í efnahagslífinu 6,7% og búast má við allt 3% samdrætti í ár. Velta er víða að aukast lítillaga frá árinu 2009 en raunbreyting er óveruleg. Á sama tíma hefur kostnaður hækkað verulega, ekki síst laun og launatengd gjöld. Vegna veikrar stöðu efnahagslífsins eiga fyrirtækin erfitt með að velja slíkum kostnaðarhækkunum út í verðlagið. Afkoma fyrirtækja er því víða óviðunandi þótt rekstur gangi þökkalega. Jákvæð tíðindi eru þó að samdráttur í unnum vinnustundum virðist meiri en sem nemur samdrætti í framleiðslu. Þetta þýðir raunar að framleiðsla á vinnustund er að aukast. Þannig hafa

fyrirtækin verið að hagræða eins og kostur er. Margvíslegur framleiðsluiðnaðar stendur betur en oft áður vegna bættrar samkeppnisstöðu gagnvart innfluttum vörum. Á móti vegur að innlend eftirspurn er með veikasta móti og verð á aðföngum hátt. Gott dæmi um bættu samkeppnisstöðu er í prentiðnaði en langflestar bækur fyrir innanlandsmarkað eru nú prentaðar hérlendis. Í flestum þjónustugreinum iðnaðarins bera menn sig nokkuð vel en innkaupamynstur landsmanna hefur breyst. Neytendur kaupa áfram þjónustuna en velja ódýrari kosti auk þess sem sala á hvers kyns vörum samhliða þjónustunni hefur dregist verulega saman.

Ein helsta ógnin við fyrirtæki í þjónustuiðnaði er svört atvinnustarfsemi sem grefur undan efnahagnum í heild sinni. Mikilvægt að sporna af krafti við slíku.